


Lestrarlandið

Sögubók



 NÁMSGAGNASTOFNUN



Lestrarlandið

Sögubók

ISBN 978-9979-0-1515-4

© 2011 Andrés Indriðason, Andri Snær, Auður Jónsdóttir,
Gerður Kristný, Guðrún Helgadóttir, Iðunn Steinsdóttir,
Jón Guðmundsson, Kristín Steinsdóttir, Margrét Örnólfsdóttir,
Pétur Gunnarsson, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigrún

Löve, Þórður Helgason

Ritstjóri: Sylvía Guðmundsdóttir

Kápumynd: Linda D. Ólafsdóttir

1. útgáfa 2011

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Litróf ehf.



Hver á bókina?	4
Sólar dagur	7
Ísbjörninn	10
Anna og afmælisgjöfin	12
Lstrarlandið	15
Ólíló snjófall	17
Vírusinn hrekkjótti	20
Innipúkinn	22
Komdu í snú-snú	25
Milla, Mói og Míamú	28
Ummi álfastrákur	31
Þegar eplin rúlluðu út um allt	34
Á vellinum	37
Ormurinn langi	39
Nýr nemandi í 1. N	41
Æðarkollan alsæla	44
Þegar Jói varð Ói!	47
F er feykinóg!	50
Félagið Pétur, Grétar og Védís	53
Hera sem vildi hætta að vera prinsessa	56
Amma fékk töskuna sína og afi tálgaði bein handa hvutta	58
Þegar kisan hennar Gógóar var týnd	61
Öggi geimvera	64
Bátsferðin	67
Þeytisþjöldin	70
Hver er kjáninn?	72
Dúkkan sem gat dansað	74
Auða herbergið	76
Palli og páfagaukurinn	80
Á eyðieyju	83
Axel fer til Mexíkó í buxum með axlabönd og kex í boxi	86

Hver á bókina?

Ragnheiður Gestsdóttir

Á á

Ása, Kári og Benni litli sátu saman úti. Ása og Kári voru að spila á spil.

– Ég á ás! sagði Kári ánægður. Þá á ég þennan slag! Þú ert bara með áttu!

Benni ráfaði um og gáði að einhverju sem hann gæti náð í til að leika sér með. Þá sá hann allt í einu eitthvað skrytið sem lá á jörðinni hjá trjánum. Hann hljóp og sótti það og kom móður og mäsandi aftur til Ásu og Kára.

– Hvað er þetta? Má ég fá að sjá hvað þú ert með? sagði Ása.

– Nei, nei, sagði Benni. Ég á þetta!

– Hvað er að sjá, sagði Ása. Þetta er bók! Þetta er bók með stöfum í!

– Hún er svolítið snjáð, sagði Kári. Og hún er kámug af því hún lá á jörðinni. En sjáðu hvað myndirnar eru fallegar!

– Já, sjáðu bara, sagði Ása. Þarna er minn stafur! Þarna er Á! Ég á Á!

– Ég á líka á, segir Kári. Hann er ekki fyrsti stafurinn í mínu nafni en ég á hann samt líka!

– Þarna er mynd af ás, sagði Ása. Alveg eins og í spilunum okkar! Ás byrjar líka á Á!

– Á ég líka á? spurði Benni.

– Nei, þú átt ekki á, sagði Ása. En það eru margir stafir í bókinni. Sjáðu bara! Þinn stafur kemur örugglega bráðum. Við skulum fletta bókinni og sjá.

– Það var nú ég sem fann bókina, sagði Benni. Þá á ég hana!

– Einhver hefur áreiðanlega misst bókina, sagði Ása. Við skulum gá hvort við getum fundið hver á hana. En fyrst langar mig að sjá stafina og myndirnar.

– Já, við skulum gá að mínum staf! sagði Benni.

– Við fáum bókina lánaða smástund, sagði Kári.

Ása, Kári og Benni sátu saman með bókina. Í henni var margt að sjá og þau skoðuðu hana og spjölluðu saman á meðan.

Þá sáu þau að Lára kom út. Hún var grátandi.

– Hvað er að? spurði Ása.

– Ég týndi bókinni minni! Hún lá í töskunni í morgun en nú er hún horfin! Viljið þið hjálpa mér að gá að henni?

– Við þurfum ekki að gá, sagði Kári. Sjáðu, hér er hún!

– Og það var ég sem fann hana, sagði Benni sigri hrósandi. Alveg sjálfur!



Ss



Sólardagur

Ragnheiður Gestsdóttir

Í dag er sunnudagur og enginn skóli. Sólin skín glatt á himninum og það er hvergi ský að sjá. Það er svolítið svalt í skugganum en hlýtt og gott í sólskininu. Solla og Steini sitja á stéttinni við húsið sitt.

– Mig langar í sund, segir Solla. Solla heitir eiginlega Sólveig og hún er sjö ára.

– Mig langar líka í sund, tekur Steini bróðir hennar undir. Hann er sex ára og var á sundnámskeiði í sumar. Nú er hann næstum orðinn syndur.

– En við megum ekki fara alein í sund, stynur Solla. Við verðum að fá einhvern fullorðinn til að fara með okkur.

– Hver getur farið með okkur í sund? spyr Steini. Allt fullorðna fólk þú hefur svo mikið að gera! Mamma er í vinnunni og pabbi er að sinna litlu systur!

– Þegar sólin skín svona mikið verður maður bara að fara í sund, segir Solla ákveðin. Við skulum sækja sunddótið okkar. Svo leitum við að einhverjum sem vill koma í sund.

Steini og Solla finna til sundfötin, handklæði og sundgleraugu. Á meðan spjalla þau um hver gæti farið með þeim að synda.

– Eigum við að spyrja hana Dísu? spyr Steini. Dísu býr í næsta húsi.

– Dísu er sextán ára, svarar Solla. Hún myndi sjálfsagt segja að hún nenni ekki að vera með smákrökkum.

– En við vitum það ekki nema við spyrjum, segir Steini spekingslega.

Solla systir hans horfir á hann svolitla stund.

– Það er alveg rétt hjá þér, Steini minn, segir hún. Komdu, við skulum bara spyrja!

Dísu kemur til dyra. Hún er syfjuleg og svolítið súr á svip.

– Viltu koma í sund? spyr Solla feimnislega.

Dísu starir á krakkana smástund. Svo brosir hún til þeirra.

– Já, ég skal koma með ykkur í sund, svarar hún. Ég þarf bara að klæða mig fyrst og sækja sundfötin! Solla og Steini brosa hvort til annars.

– Sko, ég sagði að við skyldum bara spyrja, segir Steini.

Sólin skín ennþá glatt þegar þau labba af stað í
sundlaugina saman, öll þrjú. Það verður sko gaman
í sundi í dag!



Ívar og Sísí búa á Ísafirði. Það er gaman að leika sér þar á ísnum. Þau renna sér á skautum fram og aftur.

- Hví, ví ví, sí sí, bí bí, raular Sísí og brunar í stóran hring.

- Sjáðu hér eru síli frosin í ísnum, hrópar Ívar.

- Æ, æ, segir Sísí. Rennum okkur lengra.

Þau renna sér dálitla stund og þá sjá þau ofurstórt dýr. Þau stirðna upp af hræðslu.

Dýrið er með hvítan feld. Það geispar og þau sjá upp í kjaftinn sem er hræðilega stór. Og allar þessar sterku hvítu tennur!

- Ísbjörn, æpir Ívar.

- Ég er svo hrædd, kannski étur hann okkur, vælir Sísí. Drífum okkur til baka.

Þau hendast af stað. Öðru hverju líta þau við og sjá að ísbjörninn röltir hægt á eftir þeim.

- Ég vildi að við værum á bíl, stynur Sísí.

- Þetta er allt í lagi, ísbjörninn er svo rólegur, svarar Ívar. Einmitt þá tekur ísbjörninn stökk í átt til þeirra. Þau

stíma eins hratt og þau komast en heyra hann nálgast.
Þá heyrast drunur í lofti og þyrta kemur svífandi.
Ísbirninum líst ekki á hana og hleypur til sjávar.
Þyrta sveimar í hringi yfir honum.
Sísí og Ívar hendast áfram.

Allt í einu kemur bíll akandi á móti þeim. Hann stoppar og menn frá björgunarsveitinni stökkva út.
– Komið þið strax inn í bílinn, segja þeir og grípa í krakkana.

Sísí finnst gott að sitja í bílnum og sjá húsin í bænum nálgast. Ívar er líka feginn. Hann lítur út um afturrúðuna og sér ísbjörninn langt í burtu.

Um kvöldið eru fínar myndir í sjónvarpinu af þeim og ísbirninum. Þær voru teknar þegar þyrta flaug yfir. Sísí og Ívar horfa á þær sæl á svip.

- Nú erum við orðin fræg, segir Sísí.
- Og ísbjörninn líka, svarar Ívar.



Þegar Anna vaknaði á afmælisdaginn sinn stóðu mamma og pabbi við rúmið hennar með pínulitla bróður. Við rúmið var líka stór pakki. Afmælisgjöf. Mamma og pabbi sögðu:

– Til hamingju með daginn, Anna mín.

Anna var afar spennt. Anna glaðvaknaði.

– Má ég opna pakkann? spurði hún.

– Já, já, Anna mín, sögðu mamma og pabbi.

Mikið var þetta spennandi. Þegar Anna gat loksins opnað pakkann varð hún hissa. Efst í kassanum voru appelsínur, ananas, bananar og fullt af öðrum ávöxtum. Þetta er skrýtin afmælisgjöf, hugsaði Anna. Bara ávextir! En þá kom hún auga á nokkuð sem hún hafði einmitt óskað sér, stóra apann sem hún hafði séð í leikfangabúðinni.

– Aaaaa, hrópaði Anna. Fíni apinn! Einmitt það sem ég óskaði mér. Anna varð svo glöð að hún tók næstum ekki eftir að í kassanum var líka lítil askja. Á lokinu á henni stóð LEYNDARMÁL. Nú varð Anna forvitin.

Mamma sagði:

– Þessi gjöf er svolítið skrýtin því við ætlum að gefa þér leyndarmál.

– Leyndarmál? endurtók Anna.

– Þú mátt engum segja hvað er í öskjunni, sagði mamma. Allavega ekki strax því þarna stendur nefnilega hvað litli bróðir á að heita.

– Má afi vita það? spurði Anna.

– Nei, sagði mamma.

– Má amma vita leyndarmálið? spurði Anna.

– Nei, heldur ekki amma, sagði pabbi. Þegar við förum í kirkjuna og látum skíra máttu bara segja prestinum hvað litli bróðir á að heita.

Svo opnaði Anna boxið. Á gulum miða stóð nafnið á litla bróður. Anna varð afar kát. Seinna um daginn komu margir gestir í afmælisveisluna hennar. Anna þagði auðvitað yfir leyndarmálinu. Hún sagði ekki einu sinni nýjan apanum sínum frá því.

Loksins rann skírnardagurinn upp. Anna þekkti prestinn. Presturinn hét Andrea. Andrea er næstum eins og engill, hugsaði Anna. Kannski býr hún hjá guði og svífur bara niður í kirkjuna til að messa, skíra börn og jarða.

Anna var í öðrum heimi.

Allt í einu potaði mamma fast í Önnu.

– Ha, hvað? sagði Anna hissa. Anna horfði á mömmu.

– Anna mín, Anna mín, nú þarf séra Andrea að fá að vita hvað barnið á að heita.

– Þú mátt segja henni leyndarmálið, hvíslaði mamma.

– Núna? spurði Anna.

– Já, núna, sagði mamma.

Séra Andrea beygði sig niður til Önnu.

– Hvað á barnið að heita, Anna mín? sagði Andrea.

Anna hvíslaði nafninu í eyra séra Andreu.

En hvað haldið þið svo að séra Andrea hafi gert.

Hún kjaftaði frá. Séra Andrea sagði hátt og snjallt að litli bróðir ætti að heita Adam.

Anna hrópaði:

– Nei, nei, séra Andrea, þetta er leyndarmál!

Þú mátt ekki segja. Þú mátt ekki kjafta frá.

Séra Andrea varð afar undrandi. Anna fór að gráta

Séra Andrea var búin að kjafta frá leyndarmálinu sem hún fékk í afmælisgjöf.

En litli bróðir hjalaði glaður aaaaaa ... Mikið virtist hann ánægður með nafnið.



LI



Lestrarlandið

Ragnheiður Gestsdóttir

Þegar Lísa er komin í náttkjólinn og búin að bursta tennurnar kveikir hún á litla lampanum við rúmið sitt. Það er leslampinn hennar Lísu.

– Ég er tilbúin! kallar hún. Nú má pabbi koma inn og lesa. Lubbi kemur líka inn. Honum finnst gott að liggja og lúra meðan pabbi les. Hver veit, kannski er hann líka að hlusta á lesturinn!

Pabbi er að ljúka við að lesa skemmtilega bók um Línu langsokk. Þegar hann hættir að lesa og lokar bókinni sýnist honum Lísa vera sofnuð. Hann læðist út og lokar á eftir sér.

En Lísa er alls ekkert sofnuð. Hún lygnir bara aftur augunum og lætur sig dreyma svolítið. Allt í einu finnur hún hvernig rúmið hennar lyftist upp og líður af stað. Þetta er alveg eins og í sögunni um Hlina kóngsson, hugsar Lísa. Rúmið flýgur út um gluggann og lyftir sér hátt á loft. Langt fyrir neðan sér Lísa landið og öldurnar á sjónum. Svo lækkar rúmið flugið. Hvert er Lísa eiginlega komin?

Nei, sko! Þarna er Lína langsokkur á hestinum sínum! Lína veifar til Línu sem lítur upp og veifar líka til Lísu. Þarna eru fleiri sem Lína þekkir vel. Þarna hleypur litli Sætabrauðsdrengurinn og Dimmalimm kóngsdóttir er að leika sér við litlu grísina þrjá. Búkolla lallar þarna líka í rólegheitum og spjallar við Stígvélaða köttinn. Gosi hlýtur að vera að segja lygasögu því nefið á honum er svo langt. Og er þetta ekki Óli Lokbrá með regnhlífina sína? Skyldi þetta vera landið fyrir austan sól og sunnan mána úr ævintýrinu sem pabbi las? Nei, annars. Þetta hlýtur að vera sjálfst Lestrarlandið þar sem allir úr sögunum búa. Lína er svolítið lúin og lokar augunum.

Þegar Lína opnar augun aftur sér hún ljósið frá litla lampanum sínum. Hann logar enn við rúmið hennar. Já, og rúmið stendur alveg kyrrt á gólfinu! Lubbi liggur þarna líka og lúrir. Var Lestrarlandið bara draumur?



Óó

Ólító snjófall

Andrés Indriðason

Mikið óskaplega væri gaman að syngja í kór, hugsar Ólító. Hann er snjófall. Lóa og Óli bjuggu hann til fyrir utan skólann. Þau létu hann heita Ólító.

Ólító er ekki ólíkur öðrum snjóköllum. Hann er búinn til úr stórum snjóboltum. Augun eru litlir, svartir grjótmolar. Nefið er rauð gulrót og hann er með ól um sig miðjan.

Ólító heyrir kórsöng sem ómar inni í skólanum og berst út um opinn glugga. Skólakórinn er að syngja. Lóa og Óli eru í honum.

Ég er alveg ófeiminn, hugsar Ólító. Ég get alveg sungið þó að ég sé óvanur því. Ég læt mig bara dreyma. Þá er ekkert ómögulegt.

Og hann lætur sig dreyma um að hann fái að syngja í kór.

Hann er ekki á fótum. Þess vegna hrópar hann á strák sem er á hjólabretti og fær það lánað. Svo rennir hann sér á því að skólanum. Hann hittir kórstjóran sem finnst ótrúlegt að sjá snjófall inni í skólanum.

- Hefur þú sungið á tónleikum? spyr hann.
- Nei, segir Ólóló. En mig langar óskaplega mikið til þess.

Kórstjórinn býður honum að vera í kórnum. Hann kennir honum að syngja lag sem heitir Sá ég spóa.

Og svo syngja kórin og Ólóló einum rómi: Sá ég spóa suður í flóa, syngur lóa úti í móa ...

- Ó, ó, ó ... segir Ólóló allt í einu.

Hann biður kórstjóran að segja öllum að hætta að syngja.

- Mér er svo svo ógurlega heitt! Ég er að leka niður!

Kórstjórinn klórar sér í kollinum. Þetta er mjög óvenjulegt á kóræfingu.

- Megum við fara með hann í stóra ísskápinn, spyr Lóa.

- Þá verður honum aftur kalt, segir Óli.

Kórstjórinn segir að þau megi það. Hann er sjálfur rólegur þó að þetta sé auðvitað mikið ónæði.

- Er þessi snjókall einhver ólátabelgur? spyr hann.

Lóa segir honum að Ólóló sé ótrúlega kurteis og þrúður snjókall.

- Hann þarf að láta sér kólna, segir Óli.

- Hann fer aldrei í sólbað, segir Lóa. Sólin er svo ógurlega heit. Hann gæti bráðnað.

- Þau leiða Ólóló á milli sín á skólaganginum og koma að stórum ísskáp.
- Hér geturðu látið þér líða óskaplega vel, segja þau.
 - Ég vil heldur fara út, segir Ólóló. Það er óhollt fyrir snjókalla að vera mikið inni.
 - Þá geturðu ekki sungið í kór, segir Lóa.
 - Jú, jú, segir Ólóló og brosir út að eyrum. Ég heyrir kórsönginn út um gluggann og syng bara með.



Lára og Rósa eru búnar að eignast lítinn bróður. Í gær fóru þær á spítalann og gáfu honum rósir. Litli bróðir var búinn að kúka. Rassinn á honum var pínulítill og rauður en kúkurinn kolsvartur, næstum eins og lakkrís!

Á leiðinni heim til ömmu og afa byrjaði Lára að gráta og svo Rósa. Þá fóru þau til læknis og hann sagði að systurnar væru með flensu. Þær ættu að fara beint heim, kúra í rúminu og vera rólegar.

– Ég finn svo rosalega til í hálsinum, segir Rósa og hnerrar. Hárið er úfið og kinnarnar eldrauðar.

– Og ég er með verk í eyranu, vælir Lára. Hún togar í eyrað. Mig langar til mömmu!

– Svona, svona, segir amma.

Afi segir að inni í þeim sé vírus sem sé að hrekkja þær. Og nú sé vírusinn mjög glaður.

– Hvernig er hann? spyr Rósa. Hún er rám í röddinni. Afi veit ekkert um það en amma segir að hann sé örugglega ferlega ljótur.

- Oj, er vírusinn inni í mér! hrópar Lára.
- Já, segir afi grallaralegur. Nú rennir hann sér á fullri ferð niður hálsinn á Rósu og rífur í eyrað á þér. Þessi vírus er nefnilega svo mikill grillari! En ef þið verðið rólegar og góðar og lúrið fallega leiðist honum og þá fer hann.
- Ræðst hann ekki á ykkur ömmu?
- Nei, hann getur það ekki. Við létum sprauta okkur í haust, svarar afi.
- Næst ætla ég að láta sprauta mig, hvíslar Rósa. Hún er svo rám að hún getur varla talað lengur.
- Oj, sprauta, ekki ég! æpir Lára.
- Svona, svona, nú skulum við róa okkur, segir amma. Hér koma glænýjar perur og rjómaís. Gjörið þið svo vel.

Rrrrrrrr heyrir í dyrabjöllunni. Það er Ari frændi sem ætlar að leika við þær. Hann snarstoppar þegar hann sér stelpurnar í rúminu.

- Passaðu þig á vírusnum, hvíslar Rósa og rís upp en Ari heyrir ekki í henni og flýtir sér að rúminu hennar.
- Ætlarðu að láta vírusinn smita þig? spyr Lára. Svo hnerrar hún beint framan í Ara.



Það var barið á gluggann hjá Indriða Óla. Silli og Iðunn voru komin.

– Komdu út að leika, veðrið er svo gott, sagði Silli.

Indriða Óla langaði ekki út. Hann nennti helst aldrei að fara út með vinum sínum. Það var eins og eitthvað inni í honum segði NEI. Í kollinum á honum bjó nefnilega Ári innipúki sem vildi aldrei fara út. Stundum var innipúkinn þreyttur á að sitja kyrr í kollinum á Indriða og þá flaug hann og settist upp á hillu eða dansaði yfir borðið í leikjatölvunni.

Honum fannst gaman að leika sér – bara ekki úti.

En Indriði Óli vissi þetta ekki því hann gat ekki séð innipúkann.

– Ég finn svo til í ilinni, ég ætla að vera inni, sagði hann vesældarlega við Silla og Iðunni.

– Iss, þú finnur ekkert til, sagði Iðunn.

Þegar innipúkinn heyrði þetta varð hann svo kátur að hann sveif upp úr kollinum á Indriða Óla og settist á efstu hilluna.

Silli og Iðunn urðu skrítn í framan.

– Hver situr þarna á hillunni? Er það indíáni sem getur flogið? spurði Silli og kímði.

Indriði Óli leit upp á hillu en sá ekkert.

– Hvað ertu að rugla? spurði hann hissa.

– Komdu út þá sérðu það kannski líka, sagði Iðunn áköf.

– Já, ég kem út, sagði hann.

Þegar innipúkinn heyrði þetta flaug hann niður og beint ofan í kollinn á Indriða.

Silli æpti. – Meiddi hann þig ekki?

– Hver? spurði Indriði.

– Sá sem flaug af hillunni inn í hausinn á þér.

– Hættu þessu rugli, ég nenni ekki út, sagði Indriði Óli fúll.

Iðunn greip andann á lofti.

– Nú veit ég hver var á hillunni, sagði hún.

– Hver svo sem?

– Innipúkinn, þú sagðist ætla að koma út og þá flaug hann ofan í hausinn á þér og lét þig hætta við það.

– Er draugur inni í mér?

– Nei, nei, bara innipúki sem vill ráða yfir þér.

Indriði beit á jaxlinn. Svo sagði hann:

– Það skal enginn ráða yfir mér. Ég ætla út að leika við ykkur.

Hann klæddi sig úr inniskónum, sótti úlpuna sína og gekk af stað út. Silli leit á hann og sá að innipúkinn sveif upp úr kollinum og hvarf.

Eftir þetta var enginn eins duglegur að leika sér úti í alls konar veðri og Indriði Óli.



Úú

Komdu í snú-snú

Gerður Kristný

Úa vaknar með úfið hár. Hún er úrill því hana dreymdi að hún væri úti í skógi þar sem hún hitti fúlan úlf. Úa fer fram í eldhús til mömmu.

– Það úir allt og grúir af ljótum verum í draumunum mínum, segir Úa.

– Það er fúlt, svarar mamma og útbýr eggjaköku handa Úu. Vertu samt ekki súr. Þetta verður góður dagur.

Mamma kveikir á útvarpinu og þaðan berst úrvals-tónlist leikin á úkúlele. Úa verður strax léttari í lund.

– Nú ætla ég að baka svo ég þarf að biðja þig að fara út í búð fyrir mig, segir mamma. Ekki fara í úlpu því það er rigning. Klæddu þig heldur í regnkápu.

Þegar Úa er búin með matinn fer hún í stígvél og regnkápu. Síðan hleypur hún út. Það er engin úrkoma lengur en það er samt úði. Búðin er skammt frá og Úrsúla búðarkona býður Úu góðan daginn.

Uppi á vegg er mynd af fallega landinu hennar, Úganda.

– Hvað má bjóða þér? spyr Úrsúla.

– Mamma ætlar að baka svo hana vantar súkkulaði og rúsínur, svarar Úa.

Í búðinni er gott úrval af súkkulaði og Úa velur dökkt súkkulaði. Á leiðinni heim rekst hún á Lúlla vin sinn.

– Viltu koma í snú-snú? spyr hann.

Úa er fús til þess. Hún fer með súkkulaðið og rúsínurnar inn til mömmu og segist ætla að leika sér úti við Lúlla. Hún tekur snú-snúbandið með sér út.

Lúlli og Úa binda annan enda snú-snúbandsins við tré. Lúlli snýr bandinu á meðan Úa hoppar. Það þarf gott úthald í snú-snú. Úa hoppar og hoppar þar til hún getur ekki meir.

– Úfff, ég er svo lúin! dæsir hún.

Nú fær Lúlli að hoppa á meðan Úa snýr bandinu. Hann leikur úrillan apa og rekur út úr sér tunguna á meðan hann sýnir listir sínar. Úa skellihlær.

– Komið og fáid ykkur snúða og múffur með súkkulaðihjúp! kallar mamma út um gluggann svo krakkarnir hrökkva í kút.

Þau rjúka strax af stað, enda orðin svöng. Þau drífa sig úr útifötunum og tylla sér inn í eldhús. Þá kveður við þruma og mikið úrhelli steypist niður. Úa og Lúlli eru dauðfegin að vera komin inn. Þau sitja

glöð inni í eldhúsi hjá mömmu og úða í sig úrvals-
múffum og snúðum.



Milla málar mynd af andliti með bros. Það eru bara munnur og augu inni í hring. Munnurinn er strik. Strikið er eins og skeifa með báða endana upp. Augun eru tveir punktar.

Hún bætir eyrum við. Svo teiknar hún maga sem er bara strik. Eftir það koma strik fyrir hendur og mjóir fætur.

Þetta er broskall. Milla kallar hann Móa.

Hún málar líka hús með stórum gluggum. Það er í garði með blómum og trjám. Blómin eru í mörgum fallegum litum. Hún lætur Malla mús gægjast upp úr holu sem er undir steini.

– Nú skulum við leika okkur saman, Mói, segir Milla. Nú ímynda ég mér að ég sé minni og ég kem til þín inn í myndina.

Mói er glaður þegar hún kemur til hans.

– Það er svo gott að hafa fætur, segir hann. Ég er eini broskallinn í öllum heiminum sem getur hoppað!

Milla og Mói leika sér í garðinum hennar. Þar eru

margar flugur á sveimi. Flugurnar heita skrýtnum nöfnum. Ein heitir Míamú. Míamú kemur til Millu.

– Má ég vera með ykkur? spyr hún.

Hún má það. Mímí má líka vera með þeim. Mímí er kisan hennar Millu. Hún má samt ekki gleypa flugurnar. Hún má heldur ekki narta í Móa.

– Komum í snú-snú! segir Milla. Það er svo gaman.

Þau fara í snú-snú. Mói og Mímí hoppa til skiptis. Milla og Míamú snúa.

Flugurnar vilja líka vera með. Þeim finnst gaman að Móa. Hann brosir svo mikið. Hann er svo skemmtilegur. Honum finnst svo fyndið að vera með maga og mjóa fætur.

– Nú er ég gormur! segir hann.

Hann hoppar upp ... og upp ... og upp.

– Má hann hoppa svona hátt? spyr Míamú.

– Hann er svo léttur, segir Milla. Hann er úr pappír.

Nú er hann kominn hátt upp í himininn. Hann kemst ekki niður aftur.

– Ég skal bjarga honum, segir Míamú.

Hún flýgur upp til Móa á vængjunum sínum. Vinflugur hennar koma með og sveima í kringum þau. Svo toga þær Móa niður. Allar saman.

- Ég má ekki hoppa svona mikið, segir Mói þegar hann er kominn niður.
- Þú verður að muna að þú ert broskall, segir Milla.
- Það er svo gaman að vera með ykkur, segir Mói. Má ég snúa?
- Mói fær að snúa með Mímí og nú mega allar flugurnar hoppa.
- Mikið er gaman að eiga svona góða vini, segir Milla. Mikið er gaman að vera í ævintýri.



Uu



Ummi álfastrákur

Andrés Indriðason

Ummi er álfastrákur. Hann á heima í Undralandi. Undraland er stór klettur sem huldufólkið á heima í. Þessi klettur er álfablokk.

Þetta er sagan af því þegar Ummi fór með álfa-uglunni Álu í mannheima, að kaupa kruður handa Gunnhildi langa-langa-langa-langömmu sinni sem á afmæli í dag. Hún er orðin hundrað og tuttugu ára.

Þau þurftu fyrst að setja á sig huliðshúfur. Þá urðu þau ósýnileg. Álfarnir vilja ekki láta mennina sjá sig. Álfa-uglur vilja það ekki heldur.

Nú eru þau komin í mannheima. Nú eru þau ósýnileg.

– Þarna eru lítil hús með gluggum á hjólum, segir Ummi. Þau geta alveg hreyft sig sjálf. Enginn þarf að toga í þau eða ýta á þau.

– Þetta eru ekki hús, segir Ála sem veit allt eins og allar uglur. Þetta eru bílar.

Umma finnst gaman að fara í sund í mannheimum.

Hann sést samt aldrei á sundi. Bara húfan sem hann hefur á höfðinu. Margir eru undrandi á því. Stundum fer hann í stóran garð. Þar er oft fullt af fólki.

Stundum sést hjól sem er á fullri ferð en enginn að hjóla. Þá er hann á hjólinu.

Ummi fer hátt upp í loft í rólu á róluvelli. Öllum finnst furðulegt að rólán rólar sér sjálf. Þegar hann hallar sér aftur efst uppi dettur huliðshúfan af honum. Allt í einu sjá allir Umma álf.

Hann setur húfuna á sig og hleypur í burtu. Ála flýgur yfir honum. Þau setjast á gulan dúk sem liggur á grasi. Þau eru í stórum garði fyrir utan hvítt hús með rauðu þaki.

Allt í einu fer dúkurinn að hreyfast. Svo er hann kominn hátt upp í loft.

– Við erum á flugdreka, segir Ála. Sjáðu, þarna eru krakkar sem létu hann fara upp!

Ummi leggst á magann og heldur sér fast. Hann sér krakkana fyrir neðan og bandið sem þau halda í. Ála flýgur við hlið hans. Þau sjá Undraland og húsin og bílana og róluvöllinn fyrir neðan.

Hvað er nú? Allt í einu pompar flugdrekinn niður!

Ummi tekur hífuna af sér svo hann týni henni ekki.

Nú svífur flugdrekin yfir grasi og lendir. Stelpan, sem gæti verið sjö ára eins og Ummi, kemur til þeirra. Hún sér ekki Álu sem er með huliðshjálminn. Hún sér bara Umma.

– Af hverju ertu á flugdrekanum mínum? spyr stelpan hissa.

Hún fær ekki svar. Ummi hverfur allt í einu. En hún heyrir í honum.

Stelpan heyrir að hann segir við einhvern að þau megi ekki gleyma sér svona þó að það sé gaman. Þau verði að muna eftir langa-langa-langa-langömmu og kruðunum.



Gerður Kristný

Það er vetur og kalt í veðri. Þess vegna er Ella með eldrauðan trefil um hálsinn og hlýja vettlinga á höndunum. Ebbi, fressið hennar Ellu, eltir hana í vinnuna. Hann veit vel hvert hún er að fara. Hún vinnur nefnilega í versluninni Esju. Þar selur hún epli, egg, te, ber, perur, safa í fernum og í efstu hillunni eru eldspýtur og kerti.

Í dag ber Elías fyrstan að garði. Hann er með derhúfu sem hann tekur af sér um leið og hann kemur inn.

– Komdu blessuð, segir hann hress við Ellu. Selur þú penna?

– Heldur betur, ég á rauða og bláa penna, segir Ella.

– Mikið er ég feginn. Ég vel bláan penna, segir Elías.

Hann tekur fram veskið, telur peningana sína og borgar Ellu.

– Þakka þér fyrir, Elías, segir Ella.

– Það var ekkert. Bless! segir Elías og heldur á braut.

Þá kemur Lena. Hún eldar mat fyrir nemendur skólans í hverfinu.

– Selur þú tvinna? Ég þarf að gera við ermi, segir Lena.

Ella hristir höfuðið.

– Nei, það er enginn tvinni eftir. Ef þú nennir að ganga lengra þá finnurðu aðra verslun neðar í götunni. Hún heitir Emmubúð. Þar geturðu keypt tvinna og líka perlur til að festa í föt.

– Gott að vita! Ég fer þangað, segir Lena og heldur áfram.

Tíminn líður og lengi vel kemur enginn í Esju. Á meðan tekur Ella til. Henni finnst það vesen og nennir því ekki oft en nú setur hún rusl í sekki og hendir út í tunnu. Ebba bíður fyrir utan og þegar Ella opnar dyrnar hendist hann inn. Hann stekkur upp á eplin svo þau detta í gólfið og rúlla út um allt. Ellu bregður og rekur Ebba út með harðri hendi.

Sem betur fer kemur Elías nú aftur. Hann gleymdi derhúfunni sinni og er kominn til að ná í hana.

– Hvað gerðist? spyr hann hlessa þegar hann sér eplin út um allt.

– Ebba henti eplunum niður, svarar Ella.

– Ég skal hjálpa þér að laga til, segir Elías. Svo bretta þau Ella og Elías upp ermar og safna eplunum saman.

Ella gefur Elíasi auðvitað epli að launum fyrir hjálpina.

Þá berst mjálm inn um gluggann.

– Ætli Ebba vilji ekki biðjast afsökunar, segir Elías.

Ella hlær og teygir sig í harðfisk sem hún gefur Ebba.

– Elsku Ebba, ég fyrirgef alveg í þér lætin en ekki gera þetta aftur, segir hún og strýkur fressinu.

Síðan kveðjast þau Ella og Elías og að þessu sinni tekur hann derhúfuna sína með sér.



Vv

Á vellinum

Pórður Helgason

Valur er að verða sjö ára. Valur heitir Valur í höfuðið á Valgerði ömmu sinni, ömmu Völu. Hann á heima skammt frá Valsvellinum í Reykjavík. Valur fer oft á völlinn.

Amma Vala er von að fara með honum. Hún á hund sem heitir Sámur. Sámur er besti vinur ömmu. Hann fer venjulega á völlinn með Val og ömmu Völu.

Nú átti 5. flokkur Vals að keppa við Víking á Valsvellinum. Valur og amma Vala fóru til að fylgjast með. Sámur fylgdi vitaskuld með.

Við innganginn var amma Vala vöruð við að taka Sám inn á völlinn. Hún sagði öllum að Sámur væri vitrasti hundurinn í víðri veröld og enginn vandi að gæta hans.

Valur var greinilega betra liðið. Von bráðar var staðan 1–0 fyrir Val. Viðar var besti maður Víkings. Vörn Vals mátti hafa sig alla við til að verjast honum. Allt í einu tókst Viðari að slíta sig lausan frá varnarmönnum Vals. Nú var voðinn vís.

Stuðningsmenn Víkings kölluðu: Áfram Viðar,

áfram Viðar! Einn varnarmanna Vals braut á Viðari
alveg við vítateiginn. Dómarinn dæmdi víti. Amma
Vala þóttist vita betur.

– Þetta var ekkert víti, kallaði hún viti sínu fjær.
Sámur vældi og skrækti af spenningi. Viðar ætlaði
að taka vítaspyrnuna sjálfur.

Skyndilega sá Valur ömmu Völu vinda sér inn á
völlinn með Sám á hælunum. Viðar skaut föstu skoti
eins og hann var vanur. En markvörðurinn þurfti
ekki að verja. Boltinn skall á vanga ömmu sem féll
við. Boltinn valt út af vellinum. Sámur hafði náð taki
á buxum markvarðarins.

Allt varð vitlaust á vellinum. Dómarinn vísaði
ömmu Völu og Sámi af vellinum með rauðu spjaldi.
Á leiðinni heim sagði amma Vala við Val: Við skulum
ekkert vera að tala um þetta heima, Valur minn.

Daginn eftir kemur frétt í Fréttablaðinu með
þremur myndum. Á fyrstu myndinni sést hvar amma
Vala ver vítaspyrnuna. Á næstu mynd hangir Sámur
í buxum markvarðarins. Á þriðju mynd má sjá hvar
ömmu Völu og Sámi er vísað af velli.

Mamma og pabbi veina af hlátri og Sámur er líka
óvenju montinn, rétt eins og hann viti að hann er
allra hunda vitrastur.



Oo



Ormurinn langi

Pórður Helgason

Ég heiti Ormur. Mér finnst Ormur rosalega ljótt orð. Ormar eru forljót dýr sem búa í holum og koma sjaldan upp á yfirborðið. Þeir sofa lon og don allan veturinn og vakna loksins á vorin.

Ég heiti Ormur af því að afi minn heitir Ormur. Ormi afa finnst nafnið okkar fallegt. Hann sagði mér frá Ólafi konungi í Noregi sem átti gott skip sem hét Ormurinn langi.

Ég sagði krökkunum í bekknum mínum að ég væri Ormurinn langi. Allir hlógu ofsalega.

– Þú ert Ormurinn litli, orgaði Olga.

Afi Ormur sagði mér sögu um Orm sterka.
– Hann var rosalega sterkur, ofurmenni, sagði afi Ormur. Eitt sinn skorti pabba Orms hey er nálgædist vor. Hann sendi þá Orm son sinn á næsta bæ sem hét Holt. Þar var Ormi sterka boðið að hann mætti taka eins mikið hey og hann gæti borið. Ormi sterka fannst þetta gott boð. Hann notaði tækifærið og bar svo mikið hey heim að hlaðan fylltist.

Ég sagði Olgu að ég héti Ormur sterki. Olga orgaði aftur af hlátri.

– Þú ert hvorki Ormurinn langi eða Ormur sterki. Þú verður að fá þér orkudrykk.

Þegar afi Ormur kom í heimsókn notaði ég tækifærið og spurði hann hvað væri best að nota í orkudrykk.

– Ost, svaraði afi, mikinn ost, sagði afi og brosti. Ostur er veislukostur!

Ég borðaði heilan ost áður en ég fór að sofa. Ég fann orkuna streyma um allan kroppinn.

Um nóttina dreymdi mig skoplegan draum. Ég var Ormur sterki, formaður á Orminum langa, ofurstór og ofsasterkur. Ég var á leið í orrustu með boga og örvar. Það var norðan rok og sjórinn fossaði yfir borðstokkinn. Allt í einu fann ég að ég var að verða veikur. Mér leið voðalega. Svo varð ég að hlaupa að borðstokknum og gubba. Það var eins og gos eða foss. Mig langaði ekkert í orrustu.

Svo heyrði ég hrotturnar í pabba. Guði sé lof að þetta var bara draumur. Ég reis upp við dogg og mamma opnaði dyrnar. Ég þurfti ekki að taka þátt í orrustu. Það var allt í lagi að vera Ormur litli.



Nn

Nýr nemandi í 1. N

Margrét Örnólfsdóttir

Í dag er merkisdagur hjá 1. N í Narfaskóla því það byrjar nýr nemandi í bekknum. Nú er nóvember og skólinn löngu byrjaður svo allir eru mjög spenntir að hitta nýja bekkjarfélagann. Nanna kennari kynnir hann.

– Þetta er Nusan. Við skulum taka vel á móti honum. Velkominn, Nusan.

Nusan brosir feiminn. Númi réttir upp höndina.

– Nusan? Hvers konar nafn er nú það?

Nusan lítur á Nönnu, hann vill ekki svara sjálfur.

– Nusan er frá Nepal, segir Nanna. Nú býr hann á Íslandi og áður átti hann heima í Noregi í nokkur ár.

– Vá, segir Hanna. Nusan er bara á ferð og flugi út um allan heim!

Allir hlæja og Nusan meira að segja líka.

– Af hverju heitir það Nefpal? spyr Andri og bendir á nefið á sér.

Aftur hlær bekkurinn og Nusan hæst af öllum.

– Nei, ekki Nefpal! hrópar hann. Landið mitt heitir Nepal.

– Ó, Nepal, segir Andri og nuddar ennið á sér pínulítið skömmustulegur en bætir svo við: Það er flott nafn.

Nú er Nusan hættur að vera feiminn. Hann segir nýju félögum sínum frá Nepal.

– Nepal er í Asíu.

– Eins og Kína! hrópar Anna.

– Og Japan! bætir Nonni við.

Nusan segir þeim að í Nepal sé hæsta fjall í heimi.

Það heitir Everest og er í Himalajafjöllunum.

– Ég væri sko til í að renna mér niður Everest, segir Númi dreyminn.

Nusan hlær hjartanlega.

– Það tæki örugglega níu daga og níu nætur að renna sér niður allt Everest-fjall.

– Þá nenni ég því ekki, segir Númi.

Og Nusan segir þeim meira frá Nepal.

Í Nepal eru margir fílar og sumir þeirra kunna meira að segja að spila fótbolta!

Það finnst krökkunum alveg stórmerkilegt.

– Nota þeir takkaskó? spyr Lena.

– Númer níutíu og níu? stingur Númi upp á.

– Nei, svarar Nusan hlæjandi, en þeir nota stundum stuttbuxur. Risastórar!

Nusan breiðir út faðminn til að sýna hvað fílastuttbuxurnar eru stórar. Nonni ætlar alveg að kafna úr hlátri þegar hann sér fyrir sér fótboltafíl í stuttbuxum og takkaskóm númer níutíu og níu.

Nú spyr hver ofan í annan um allt sem viðkemur Nepal.

- Borðið þið núðlur?
- En nammi?
- Er nótt í Nepal núna?
- Er Nepal í norður?

Nanna þarf að stoppa spurningaflóðið því aumingja Nusan nær ekki að svara öllum í einu.

– Við skulum leyfa Nusan að fá sér sæti, það er nægur tími til að fræðast meira um Nepal nú þegar hann er kominn til okkar, segir Nanna.

Nusan situr hjá Núma. Númi er hæstánægður með það. Honum líst vel á Nusan. Nusan líst líka nokkuð vel á Núma. Þeir eiga vafalaust eftir að ná vel saman og verða góðir vinir, þeir Númi og Nusan.



Sæla æðarkolla var alsæl og lukkuleg þetta sumar.

Hún hafði legið á fjórum eggjum og úr hverju þeirra kom sprækur, lítill ungi – tvær kollur og tveir blikar.

– Lífið er æðislegt! kvakaði hún út í blæinn.

En það mæðir mikið á nýbökudum mæðrum og dugir ekki að sitja bara og mæna á afkvæmin.

– Æ, þeim nægir ekkert minna en tvær marflær á tveggja tíma fresti, kvartaði hún við gamla gæs.

– Hættu þessu væli og taktu þetta með stæl! gargaði sú gamla sem í eina tíð var víst nokkuð ævintýragjörn og jafnvel sagt hún hafi verið í læri hjá hinni frægu vísindagæs Ænstæn, en það er nú önnur saga.

Æðarkollan æddi fram og aftur í leit að æti handa ungunum sínum. Hún var að því komin að gefast upp þegar hún leit æstan hópinn aftur augum og það bræddi hjarta hennar umsvifalaust.

– Eigum við engan pabba? spurði sá stærsti og æstasti.

– Jú, sagði æðarkollan og dæsti af ást. Þú hittir hann

á morgun þegar við förum að æfa okkur að kafa eftir kræklingum.

– Er hann sætur? tísti litla kollan sem var síhlæjandi.

– Sætur og ágætur í alla staði, sagði æðarkollan og hagræddi mjúka, hlýja æðardúninum í hreiðrinu.

– En, er ég orðin ær! æpti æðarkollan skyndilega.

Við ætlum niður í flæðarmál á morgun og ekki búið að nefna ykkur?

Og hún gaf þeim öllum nöfn við hæfi: Ægir, Ævar, Æsa og Æda. Hún hét reyndar Hólmfríður en var aldrei kölluð annað en Æda.

– Svo þegar ég þarf að kalla á ykkur þá æpi ég bara: Æ, Æ, Æ, Æ! En farið nú að sofa því á morgun er svo margt að læra, sagði Sæla.

– Eins og stærðfræði? spurði Ævar.

– Nei, væni minn, eins og hvernig á að varast hættur. Góða nótt.

– Er pabbi grænn? spurði Æsa.

– Hann er með græna flekki á hnakkanum, góða nótt.

– Er hann með stóra vængi? spurði Ægir.

– Æ, æringjar, hvernig á ég að svæfa ykkur? Já, æðablikinn hefur mikið og glæsilegt vænghaf, góða nótt.

– Hvað er hættulegast í heiminum? spurði Æda hrædd.

– Spurningar sí og æ, sagði æðarkollan mæðuleg. Látum okkur sjá ... það hættulegasta er ... að hlýða ekki mömmu sinni því þá verður hún alveg æf og selur fólkinu á bænum allan æðardúninn í sæng svo hreiðrið verður ekki lengur hlýtt og þægilegt og litlu ungarnir fara að væla og skæla. Og hættið svo að spyrja!

Það ríkti dauðapögn. Æðarkollan brosti lævíslega og stakk höfðinu undir væng.

– En læðan? Er hún hættuleg? hvíslaði Ævar.

– Æ, æ, æ, æ, æ ... Æðarungar! Síspyrjandi.

Ætli mamma þeirra hugsar sig ekki um tvisvar áður en hún leggur út í annað eins ævintýri á nýjan leik?



Jj

Þegar Jóí varð Óí!

Andri Snær

Jóí var sjö ára og beið eftir mömmu sinni. Hann var alveg að brjálást. Mamma hans sat inni í hjóna-herbergi. Hún var í grænum kjól. Litla systir hjalaði í vögg. Mamma hans var búin að vera endalaust í símanum. Jóí hlustaði á meðan hún talaði og talaði: – Já. Já. Jamm. Jesús minn! Keypti hann jeppa? Já. Já. Já. Jú, já, já, jamm! JÆJA! Jeminn góður!

Jóí var pirraður. Hann leit á klukkuna. Mamma hans byrjaði að tala í janúar, núna var þriðji júní. Hún gat talað í símann í milljón ár:

– Besta gjöfin var sjúklegur kjóll! sagði hún í símann. Meira fjasið! hugsaði Jóí. Hann leit á klukkuna aftur. Hjálp! Júní var búinn! Það var kominn júlí. Hún gæti talað fram á jól. Hann reyndi að ná athygli hennar:

– Sjáðu mamma! Það eru dansandi jarðarber úti! En mamma hans sussaði á hann.

– Sjáðu mamma! Það er komin ísöld! Þarna kemur jökull!

– Ekki vera kjáni!

Jói varð fjúkandi reiður.

– Ég er svangur! Ég ætla í veiðiferð. Ég ætla að krækja í fisk og sjóða hann!

En móðir hans heyrði ekkert hvað Jói sagði.

Hún jarmaði í símann:

– Já! Já! Já! Jesús minn! Jeminn eini!

Jói fór inn í herbergi. Hann hafði fengið fínar græjur í jólagjöf. Þær voru allar í stafakassanum.

Jói fann tvö L – þau voru prýðileg stígvél.

Jói tók stórt I og bjó til veiðistöng.

Jói setti sjö fjörug og spriklandi S í poka

– fínustu ormar.

Jói fann Þ. Það er ágætur veiðihattur.

Jói fann P. Það er frábær háfur.

O var ágætt veiðihjól.

Lítið h var gott sæti.

T var fínasta borð.

Jóa vantaði tjald og fann risastórt A.

Hann tók með sér milljón Z til að sofa vel um nóttina.

Jói leitaði að færi og fann snæri úr jójóí.

Hann klippti það af og setti á veiðihjólið.

En nú vantaði Jóa öngul til að krækja í fiskinn.

Jói gramsaði og gramsaði en fann engan öngul.
Loks leit hann í spegil:
Jói – stóð á speglinum skýrum stöfum.
Þarna er öngullinn!
Hann braut J framan af nafninu sínu.
Ói – stóð núna á speglinum.
Jói velti fyrir sér hvort þetta væri í lagi.
Ói! Núna heiti ég Ói þar til veiðiferðin er búin.
Hann heyrði mömmu sína segja í símann:
– Jæja! Vertu blessuð!
Jóhanna kallaði. Jói! Jói!
En Ói þekkti engan Jóa.
Hann var búinn að tjalda stóru A í grænu kjarri.
Hann dró upp stórt I og festi á það lítið o.
Hann þræddi spriklandi S upp á sitt stóra J og
kastaði út í vatnið.
Hann lagðist á bakkann og lokaði augunum.
Hann dreymdi jökul, jarðarber, jólasveina og
dansandi jötna!
Upp úr pokanum svifu milljón Z.



Fíu fannst fúlt að lesa. – Fuss! frussaði hún!

Fía faldi sig í fataskáp.

– Fýlupoki, sagði Freyja móðir hennar. Farðu nú og finndu bókina!

– Ég vil frostpinna! sagði Fía.

– Fía! kallaði móðir hennar. Frostpinnar eru ekki fyrir freka krakka.

En Fía var fljót í förum.

– Vertu nú til friðs, Fía Finnsdóttir! kallaði móðir hennar aftur. Fía varð furðuleg í framan.

– Finnst þér þetta ekki ferlegt? sagði hún.

– Finnst mér hvað? spurði mamma hennar.

– Öll þessi F! sagði Fía. Allt sem ég geri felur í sér stafinn F! Ég tala ekki lengur – ég frussa bara!

– Finnst þér það, sagði móðir hennar og fór undan í flæmingi.

– Sko! Þú fnæstir! frussaði Fía. Þú fórst undan í flæmingi!

Fía fikraði sig nær forstofunni. Hún fálmaði út í

loftið. Hún fann ekki fyrir veggnum eða teppinu. Þar vantaði öll F. Furðulegt! Hún færði tunguna fram og reyndi að segja Þ. Hún færði tunguna aftur til að segja R. En hún gat það ekki – út kom bara F! Hún flautaði. En hún gat ekki sungið. Fía leit forviða í kringum sig.

Úti var engin sól.

Úti var ekkert gras.

Úti var ekkert tré.

Allt var horfið nema það sem innihélt stafinn F. Hún sá ekkert nema lauf, ekkert nema lauf og endalaust haf.

Fía fór í fótboltaskó og fann fótboltann sinn.

Hún fór út og reyndi að sparka en ekkert gerðist.

Það fauk í Fíu.

– Fóturinn minn vill ekki sparka! sagði hún. Það er ekkert F í sparka!

Nú varð Fía fúl út í allan heiminn.

– Eitthvað ferlegt hefur gerst! hugsaði hún.

Þá birtist afi allt í einu og faðmaði Fíu að sér.

– Elsku Fía mín, sagði afi. Af hverju ertu svona fýld á svipinn?

– Ég er föst í sögunni um F, sagði Fía. Mér finnst það fúlt.

– Hvaða vitleysa sagði afi. Þú þarft ekki allt stafrófið!
F er feykinóg!

– Nei, afi, það er ekki satt! sagði Fía fokreið. Ég get ekki málað. Þar er ekkert F! Ég get ekki hoppað, hlaupið, kastað eða sparkað!

– Flónið mitt, sagði afi. F er fínt!

Fía horfði á hann furðu lostin. – Hvernig þá?

Nú var afi kominn á flug: Sjáðu fjörðinn! Horfðu á fuglana og fiðrildin! Fjöllin og firnindin, fossana og fallegu fífurnar! Viltu föndra? Fara í feluleik? Þú þarft ekki að vera í fýlu! Þú getur flissað!

Fía leit í kringum sig. Hún sá fjöllin og fjörðinn, fuglana og fiðrildin og fallegu fossana. Hún faðmaði afa sinn og þau flissuðu bæði.



Éé

Félagið Pétur, Grétar og Védís

Auður Jónsdóttir

- Ég hitti strák í gær sem spurði: Ert þú Pétur?
- Hvernig veistu það? spurði ég.
- Mamma mín sagði: Sérðu strákinn bak við stóra tréð! Ég frétti að hann hétí Pétur. Mér létti því ég hélt að engir krakkar byggju hérna, svaraði strákurinn.
- Gatan er svo ný að hér sést aldrei neinn, sagði ég. Ég hef bara búið hérna í mánuð. Hvað heitir þú?
- Ég heiti Grétar, hélt strákurinn áfram. Ég gæti orðið félagi þinn. Við getum stofnað félag!
- Það er rétt! sagði ég. Hvernig félag?
- Bara ekki lélegt félag! sagði hann svo hlógum við báðir: Hé hré ...

Skyndilega stillti stelpa sér upp við hlið mér. Við störðum á hana. Hafði hún hlerað bak við stóra tréð?

- Má ég vera með í félaginu? spurði hún.

Við þögðum hugsí. Eftir stutta stund kom él.

Stelpan hrópaði þá: Skýlum okkur undir trénu!

Við eltum hana undir stóra tréð. Tréð stóð við næsta hús. Ég lék mér oft í trénu því enginn bjó þarna.

– Ég flutti hér inn í gær, sagði stelpa og benti á húsið. Þetta voru fréttir! Nú gat ég ekki lengur leikið mér í trénu.

– Ég heiti Védís, sagði stelpa. Ef ég má vera með í félaginu getum við byggt hús í trénu og haldið fundi þar.

Grétar brosti: Mér líst vel á að Védís verði í félaginu. Það er líka É í nafninu hennar.

– Hvað áttu við? spurði ég.

– Nú! Ég heiti Grétar. Þú heitir Pétur. Hún heitir Védís. Mér finnst sniðugt að félagið sé fyrir alla með É í nafninu sínu.

– Ég skil, tautaði ég.

– Við getum átt húsið saman, sagði Védís séð. Ég læt ykkur tréð í té og þið leyfið mér að vera félagi.

– Og félagið heitir: Félagið Pétur, Grétar og Védís! hrópaði Grétar.

– Mér líst vel á að fá Védísi í félagið! sagði ég loks. Það er gott að eiga hús uppi í tré þegar það kemur él. Þau hlógu bæði. Þegar élið hætti fór sólin að skína. Við byrjuðum strax að byggja hús úr spýtum sem lágu hér og þar.

Ég grét ekki þessa ákvörðun. Nú eru Grétar og

Védís bestu vinir mínir. Við fundum oft í húsinu og köstum korni til fuglanna svo þeir fái nóg að éta. Í dag sömdum við reglur fyrir félagið.

Reglur Félagsins Pétur, Grétar og Védís:

Félagið gefur dýrum að éta.

Félagið fundar alltaf upp í tré.

Félagar í félaginu heita nafni með É.

Leyniorð félagsins er: É É É.



Hera sem vildi hætta að vera prinsessa

Hh

Pétur Gunnarsson

Hera á heima í höll. Hún er líka prinsessa. Þess vegna þarf hún aldrei að taka til. Þegar herbergið hennar er orðið fullt af drasli fer hún bara inn í næsta herbergi. Höllin er svo stór.

Hera á allt sem hugurinn girnist. Hún á meira en hundrað dúkkur. Hún á hlaupahjól og hjólaskauta. Hún á hund í hundakofa og hest í hesthúsi. Og hænur og hana í hænsnakofa. Hún á hjól og hoppukastala og hringekju og meira að segja Parísarhjól. En hún á enga vini. Það er ekki hægt að kaupa vini. Það er ekki hægt að gefa vini. Hvernig eignast maður vini?

Með því að vera skemmtilegur? En það er alveg sama hvað Hera segir, það hlæja allir hvort sem er hástöfum. Af því hún er prinsessa.

Með því að vera duglegur að læra? En það er alveg sama hvað Hera gerir, hún fær alltaf hæstu einkunn. Af því hún er prinsessa.

Með því að vera góður í íþróttum? En það er alveg sama hvað Hera hleypur hægt og hendir stutt og hoppar lágt, hún fær alltaf verðlaun. Af því hún er prinsessa.

Með því að vera gjafmildur? En það er alveg sama hvað Hera gefur, hún á hvort sem er svo mikið.

Aumingja Hera. Hún var svo óhamingjusöm. Hún fór að hágráta, henti sér í gólfið og hrópaði:

– Ég vil hætta að vera prinsessa!

– Á ég þá að hætta að vera kóngur? spurði pabbi hennar.

– Á ég þá að hætta að vera drottning? spurði mamma hennar. Og höllin, á hún að hætta að vera höll?

– Góð hugmynd! Kóngurinn var orðinn hundleiður á að vera kóngur. Og drottningin vildi hætta að vera drottning. Og höllinni var breytt í háhýsi.

Þannig endar sagan. Kóngurinn varð húsvörður og drottningin varð handavinnukennari og höllin fylltist af strákum og stelpum og konum og köllum og öfum og ömmum. Og hallargarðururinn var gerður að húsdýragarði fyrir allt fólkíð í borginni. Allt Heru litlu að þakka. Og hún eignaðist marga vini.



Amma fékk töskuna sína og afi tálgaði bein handa hvutta

Tt

Guðrún Helgadóttir

Amma hennar Tótu á heima í litlu fallegu timburhúsi. Í garðinum hennar eru mörg gömul tré. Frá hliðinu inn í garðinn eru trjágöng alla leið að útidyrnum. Amma hennar Tótu heitir Telma og mamma hennar Tótu er dóttir hennar.

Sumum finnst amman stórskrítin. Hún er alltaf með stóra eldrauða tösku á bakinu þegar hún er að planta túlípönunum í trjábeðin. Taskan er eiginlega bundin á hana eins og bakpoki. Ekki einu sinni Tóta veit hvað er í henni. En ef ömmu vantar eitthvað finnur hún það alltaf í töskunni. Hvort sem það er tóng, tommustokkur, tannbursti eða tyggigúmmí. Laukana burstar hún með tannburstanum og festir gleraugun á nefið á sér með tyggigúmmíinu.

Amma gerir flest öðruvísi en aðrir. Og hún týnir aldrei neinu. Svo er hún með sítt silfurgrátt hár og oftast með tagl í hnakkanum. Hún er alltaf í síðu pilsu og skrautlegum treyjum. Tótu finnst hún reyndar

dálítið óvenjuleg en alls ekki skrítin. Tóta veit að sumir eru öðruvísi en aðrir og það er frábært. Og amma er ótrúlega sæt.

Tómas afi maðurinn hennar segir stundum:

– Hvernig á ég að botna í svona konu? Hún gerir mig stundum alveg tjúllaðan! Þá hlær amma. Hún veit að hann er bara að stríða henni. Og Tóta veit líka að hann er ennþá bálskotinn í henni. Hann horfir svo fallega á hana.

Bara einu sinni varð afi svolítið reiður við ömmu. Inn í garðinn hafði komið ókunnugur hvutti en það er svona líttill hundur. Amma sem elskaði öll dýr í hverfinu kannaðist ekkert við hann. Líklega átti hann heima hjá nýflutta fólkinu í næsta húsi. Og nú gerðist það að hvuttinn kom auga á töskuna hennar ömmu í grasinu. Hann glemnti upp skoltinn og skellti tönnunum í hana og þaut út á götu.

– Stopp! æpti hún og tók til fótanna á eftir honum.

Og þarna þaut eldflijótur hvuttinn eftir götunni með töskuna í skoltinum og amma hentist á eftir. Einmitt þá kom Tómas afi lötrandandi upp götuna og amma skellti afa næstum um koll. Ertu nú alveg að tapa þér, elskan mín? tautaði afi.

– Stopp! Stopp! æpti amma og hljóp eins hratt og hún komst. En hundurinn hljóp bara enn þá hraðar.

Þá datt ömmu svolítið sniðugt í hug. Hún klappaði saman lófunum og byrjaði að gelta. Hvuttinn varð svo steinhissa að hann snarstoppaði og starði á ömmu. Hann botnaði ekki neitt í neinu. Svo settist hann dauðþreyttur á götuna en drattaðist svo til afa. Og amma lagðist endilöng á gangstéttina og hélt áfram að gelta.

Afi gekk til hennar með hundinn og töskuna í fanginu!

– Hættu nú að gelta, elskan mín.

Hann reisti hana á fætur og leiddi hana heim. Þegar Tóta kom um kvöldið sátu afi og amma og horfðu á sjónvarpið. Fyrir framan þau lá hvuttinn á gólfteppinu og maulaði hundamat úr skál. Og afi var búinn að tálga handa honum bein til að naga úr lítilli trjágrein.

– Skyldi kjáninn trúa því að þetta sé bein, sagði amma og hristi höfuðið. Amma var ekkert voðalega hrifin af kjánum.



Gg

Þegar kisan hennar Gógóar var týnd

Guðrún Helgadóttir

Geiri gat ekki verið með Sunnu af því að hann átti að vera með Gógó sem bjó niðri hjá þeim. Það sagði mamma hans. Gógó var svo leið því að kisan hennar var týnd. Hún grét bara og grét og gekk galandi út um allt, kis kis, kis kis, svo að allar kisor í hverfinu komu hlaupandi, allar nema hennar kisa. Og Gógó grét ennþá meira. Kisurnar skildu ekkert í þessu og hristu bara höfuðin og fóru. Þessi stelpa ætti bara að heita Gaggalagó frekar en Gógó.

– Ég nenni ekki að leika við þig ef þú ert bara að garga og góla, sagði Geiri við Gógó.

– Ég er svo hrædd um hana kisu mína, grét Gógó með þungum ekka.

– Mér finnst kisan þín frekar ljót. Ég þoli ekki gula ketti. Svo er hún eldgömul og getur varla gengið. Ég mundi vera dauðfeginn að losna við hana, sagði Geiri.

- Þú ert algjört svín, sagði Gógó og greip í Geira og hristi hann. Ég elska hana kisu mína.
- Halló, halló. Hvað gengur hér á? sagði einhver fyrir aftan þau.
- Langamma! sagði Geiri glaður og tók um hálsinn á langömmu sinni. Og langamman dró upp úr vasa sínum tvo litla poka.
- Geta ekki gúmmíbangsar og gulrætur glatt ykkur svolítið, garmarnir mínir, sagði hún ósköp fallega. Svo hélt hún áfram heim til Geira.
- Rosalega er hún góð, sagði Gógó. Ég vildi óska þess að ég ætti svona langömmu. Elskarðu hana ekki ofsalega mikið?
- Jú, auðvitað, sagði Geiri.
- Hún er samt ekkert falleg og hún er eldgömul, sagði Gógó og leit á Geira. Eins og kisan mín.
Nú stóð Geiri alveg á gati. Stundum var hún Gógó dálítið skrítin.
- Hún langamma er þó að minnsta kosti ekki gul, muldraði hann ofan í bringuna.
Gógó hætti að gráta í bili og þau settust á vegasaltið á leikvellingum og gúffuðu í sig bangsana. Þá heyrðu þau skyndilega hljóð innan úr leikfangageymslunni.

Eins og gamall og uppgefinn köttur væri að mjálma.

– Kisa mín, hrópaði Gógó yfir sig glöð. Kisa mín.

Þau voru ekki lengi að opna dyrnar og hleypta kisu út. Og krakkarnir sprungu næstum af hlátri. Kisa hafði flækst í marglitum bréfrenningum og þeir höfðu vafist um hálsinn á henni eins og hálsfesti.

Hún hljóp í fangið á Gógó og sleikti hana í framan.

– Heitir hún ekkert? spurði Geiri allt í einu. Þú kallar hana bara alltaf kisu. Ég veit ekki einu sinni hvað hún heitir ef hún heitir þá eitthvað.

– Ég veit heldur ekki hvað langamma þín heitir ef hún heitir þá eitthvað, sagði Gógó ólm af gleði.

Sunnu hafði leiðst ægilega þennan dag. Hún gekk út og varð ekki lítið hissa. Á móti henni kom Gógó glöð og hress, Geiri alvarlega hugsandi, langamma hans í hamingjukasti og gamla pissugula kisan sæmilega hress. Nú leiddist Sunnu ekki lengur. Hún var fegin að Geiri hafði verið góður við Gógó þegar henni leið illa. Þá vissi hún að hann yrði góður vinur ef hún væri leið. Þannig eru góðir vinir.



Það er öskudagur og Ömmi á afmæli. Hann er orðinn sjö ára. Jói, Óli, Sigggi og Örnólfur eru komnir í afmælið. Ösp fær líka að vera. Hún er systir Ömma. Hún er fimm ára.

Ösp gaf honum fallega bók með stuttum sögum og myndum. Ein sagan er um geimveru sem heitir Öggi. Þetta er örugglega besta gjöfin. Öggi er svo fyndinn. Hann á heima á stjörnu úti í geimnum. Pabbi hans og mamma eiga ekki bíl. Þau eiga geimfar sem getur bæði verið bíll og flugvél.

Öggi er stór eins og önnur börn sem eiga mömmur og pabba sem eru geimverur. Hann er eins stór og mamma Ömma. Jói og Óli segja báðir að hann yrði góður í körfubolta.

Ömmi les söguna með bros á vör.

Öggi er allur grænn á litinn. Hann er með höfuð sem snýr öfugt. Þess vegna gengur hann ekki áfram heldur aftur á bak. Þetta höfuð er eins og kassi í laginu. Það eru örfá hár á höfðinu. Þau standa öll beint upp í loftið. Á búknum eru stórar, gular tölur.

Öggi fer í ferðalag með þabba sínum og mömmu. Þau fljúga yfir jörðinni. Svo bilar geimfarið og þarf að lenda á Íslandi. Þá fær Öggi að fara út. Hann sér strax að allt er öðruvísi hér en á stjörnunni heima. Hann þarf að skoða svo margt. Þess vegna villist hann.

Ömmi er að lesa um þetta í sögunni þegar mamma hans kemur.

– Það er kominn nýr gestur! segir hún brosandi.
Það er strákur sem þið þekkið öll.

Og nú kemur einhver sem Ömmi hefur ekki boðið. Hann er allur grænn og gengur aftur á bak með höfuð sem er eins og kassi og snýr öfugt.

– Öggi!

– Já, þetta er geimveran sem villtist! Hún er komin í afmælið!

Gestirnir hlæja allir. Öggi er með öskupoka framan á sér!

– Heitir þú Öggi? spyr Ösp hlæjandi.

– Öhö, segir Öggi.

– Ertu geimvera? spyr Jói.

– Öhö, segir Öggi aftur og gengur aftur á bak í hring.

– Geturðu bara sagt öhö? spyr Ömmi.

– Öhö.

– Er það kannski geimverska? spyr Ösp.

– Öhö.

Öhö er eina orðið sem Öggi getur sagt á geimversku. Ömmi sér á mömmu sinni að hún er að reyna að hlæja ekki.

– Heyrðu, segir hann við Ögga og hlær nú líka. Þú átt að lesa fyrir okkur söguna um sjálfan þig. Ekki samt lesa á geimversku, pabbi.



Bb



Bátsferðin

Pórður Helgason

Búi er sjö ára. Hann býr á Blönduósi við ána Blöndu. Búi á eina systur sem heitir Bára. Hún er átta ára. Pabbi Búa er bílstjóri og keyrir stóran bíl sem flytur vörur. Mamma þeirra Búa og Báru vinnur í búð. Búi og Bára fara stundum að veiða með pabba sínum og mömmu. Vatnið, sem þau veiða í, heitir Svínavatn.

Nú er pabbi búinn að boða til veiðiferðar næsta sunnudag. Búi og Bára geta varla beðið.

Sunnudagurinn rennur upp bjartur og fagur. Búi og Bára bíða ekki boðanna og flýta sér í buxur, ullarbol og peysu. Pabbi er búinn að setja allt veiðidótið út í bíl. Mamma er búin að útbúa bita í nesti. Búi og Bára geta varla borðað morgunmatinn fyrir tilhlökkun. Búi skilur eftir hálfan brauðsneið. Bára er södd eftir hálfan banana.

Á leiðinni sjá þau marga bóndabæi. Víða er búfé á beit. Loks blasir vatnið við. Pabbi leggur bílnum og þau labba niður að vatninu. Þar bíður bátur bóndans á

næsta bæ. Mamma ætlar að verða eftir og tína ber. Hún segir að landið sé blátt af berjum.

Búi og Bára fara um borð í bátinn og pabbi ýtir frá landi.

Pabbi rær stutta stund en segir svo:

– Hér er best að byrja.

Pabbi bindur öngul á línuna fyrir þau Búa og Báru og setur beitu á. Beitan er feitur maður. Svo kasta þau öll línunni út og bíða. Allt í einu sér Búi að flotholtið hans byrjar að hreyfast. Honum bregður en kippir svo í. Fiskurinn er á. Búi stendur upp og byrjar að draga línuna inn.

Pabbi og Bára fylgjast spennt með. Bára hallar sér yfir borðstokkinn. Báturinn fer að vagga og Búi dettur aftur á bak í vatnið og sekkur á bólakaf.

Pabbi nær taki á peysunni hans og dregur hann upp í bátinn. Búi er blautur upp fyrir haus. Pabbi er ekki blíður á svipinn. Hann brosir þó þegar hann sér að Búi heldur enn á stönginni sinni.

Þeim bregður öllum þegar þau sjá að stöngin hans Búa bognar.

– Fiskurinn er enn á, kallar pabbi og Búi byrjar að draga inn línuna.

– Það er bleikja, kallar Bára og brátt liggur bleikjan á botni bátsins.

Von bráðar fær Bára líka bleikju.

– Mín bleikja er stærri en þín, segir Bára við Búa.

– Mín bleikja er fallegri er þín, segir Búi.

– Það þurfti ekki að bjarga mér frá drukknun, segir Bára.

– Það er bannað að rífast, segir pabbi. Báðar bleikjurnar eru góðar. Og nú fer flotholtið hans pabba á bólakaf. Þriðja bleikjan er dregin um borð.

– Þetta er nóg í dag, segir pabbi.

Mamma bíður með fulla fötu af bláberjum þegar þau renna bátnum í land.

– Hvað kom fyrir þig, Búi minn? spyr mamma. Þú ert rennblautur.

– Hann datt í vatnið og pabbi bjargaði honum, segir Bára.

– Blessað barnið, segir mamma. En nú förum við heim. Í kvöld borðum við bleikju og skyr með bláberjum.

En ekki fyrr en þið eruð öll búin að fara í bað.

– Ég er búinn að fara í bað, segir Búi og þau brosa öll.





Það var sól og blíða þegar Þröstur vaknaði. Þetta verður góður þriðjudagur, hugsaði hann. Þegar hann kom út heyrði hann hrópin í vinum sínum, þeim Þorra og Þyrí.

– Komdu að fljúga, nú er flugdagurinn. Það má bara ferðast fljúgandi.

– Þið getið ekki flogið, bara ég af því að ég er fugl, svaraði Þröstur og baðaði út handleggjunum sem breyttust samstundis í vængi.

– Ég flýg á þotu, sagði Þorri og lyfti upp þotunni sem hann hafði fengið í afmælisgjöf.

– Ég er þyrlla, skríkti Þyrí og þaut af stað upp túnið. Þau þutu fram og aftur og á endanum urðu þau þreytt. Þyrí fleygði sér niður í laut.

– Þyrlan mín hrapaði! kallaði hún. Þröstur flaug til hennar.

– Það er betra að vera þröstur, hann hrapar ekki. Þá kom Þorri á harðaspretti og settist.

– Æ, æ, æ, þotan mín er bensínlaus, umlaði Þorri.

– Það er ekkert sniðugt að fljúga á þylum og þotum af því að þær þurfa bensín sem kostar allt of mikið, sagði Þröstur.

– Samt er hættulegt að vera þröstur af því að stórir og gráðugir fuglar geta étið mann, sagði Þyrí.

– Hvernig eigum við þá að fljúga?

Þyrí spratt upp.

– Ég veit, við notum þeytisþjöld. Það nennir enginn að éta þau.

– Og þau eyða engu, sagði Þorri.

– Þau fá nefnilega kraftinn til að fljúga frá okkur, sagði Þröstur.

Þau hlupu heim til Þratar og sögðu mömmu hans að þau vantaði þeytisþjöld.

– Ég skal bjarga því, sagði hún og tók tvær stórar plastmöppur með þykkum, hörðum spjöldum. Hún skar spjöldin af og rétti þeim.

Krakkarnir þutu út og fleygðu spjöldunum hátt upp í loft. Þau liðu upp og svifu í tæru bláu loftinu.

Þröstur, Þorri og Þyrí litu sigri hrósandi hvert á annað. Þau hugsuðu öll það sama:

Þetta er málið. Svona skulum við alltaf fljúga.



Hver er kjáninn?

Andri Snær

Kk

Einu sinni voru karl og kerling í koti sínu. Þau áttu sér eina kú. Hún hét Búkolla.

Kerlingin átti eina kind. Hún hét Rolla.

Karlinn átti einn kött. Hann hét Krummi.

Nú fóru karl og kerling að kýta.

– Kötturinn minn er klárari en kindin þín!
sagði karlinn.

– Hvað kann kötturinn þinn? spurði kerling.

– Kötturinn minn kann að telja, sagði karlinn.

– Kindin mín kann að raula, sagði kerling.

Dýrin hlustuðu á þessa vitleysu.

Kindin hristi höfuðið. Kötturinn dæsti.

Kýrin baulaði.

– Kerlingin mín er klárari en karlinn þinn,
sagði kindin við köttinn.

– Getur kerlingin þín malað? spurði kötturinn.

– Nei, sagði kindin.

– Þá kann hún nú ekki mikið, sagði kötturinn,
ef hún getur ekki malað.

- Hún gerir sitt gagn, sagði kindin. Hver ætti annars að éta mig í haust?
- Gáfuð ertu kind, sagði kötturinn.
Þá baulaði kýrin.
- Getið þið baulað? spurði hún.
- Nei, sagði kötturinn.
- Nei, sagði kindin, ég get ekki baulað.
- Geta karlinn og kerlingin baulað? spurði kýrin.
- Nei, sagði kötturinn.
- Nei, sagði kindin.
- Þá er ég klárari en þið öll til samans, sagði Búkolla og gekk í burtu.
- Ég hef aldrei heyrt aðra eins vitleysu, sagði kindin.
- Ekki ég heldur, sagði kötturinn.
Nú birti yfir kindinni.
- Ef ég hef aldrei heyrt aðra eins vitleysu.
Og ef þú hefur aldrei heyrt aðra eins vitleysu.
Þá hlýtur kýrin að vera mesti kjáninn af okkur öllum!



Pétur Gunnarsson

Á afmælisdaginn hennar Dóru kom sending frá Danmörku. Það var dúkka. Langamma hennar Dóru var dönsk. Hún var danskennari. Nú var hún dain. En áður en hún dó skrifaði hún á miða: Dóra á að fá dúkkuna sem dansar. Þetta var eldgömul dúkka, meira en hundrað ára. Og nú var hún komin alla leið til Íslands.

Dyrabjallan hringdi.

- Á Dóra heima hér? spurði sendisveinninn.
- Dóra, það er sending til þín! kallaði pabbi Dóru.
- Dúkkann hennar ömmu! hrópaði mamma Dóru undrandi. Ég hélt hún væri týnd fyrir löngu!

Með dúkkunni fylgdi bréf þar sem stóð að dúkkann hefði fundist í drasli uppi á háalofti.

- Þetta er galdradúkka, sagði mamma. Amma mín fékk hana frá manningnum sínum sem var leikfangasmiður.

Þegar búið var að trekkja dúkkuna upp, deplaði hún augum, dró djúpt andann og tók til við að dansa.

Dóra litla klappaði saman höndunum af gleði.
En dásamlegt!

Svo fóru allir að dansa. Dóra litla dansaði og foreldrar hennar dönsuðu og meira að segja afi hennar og amma dönsuðu. Þau ætluðu aldrei að geta hætt að dansa. Þegar boðið var búið dansaði afi út í bíl. Og amma dansaði á eftir honum. Og bíllinn dansaði út götuna. Pabbi dansaði með diskana fram í eldhús og mamma dansaði með dúkinn fram í vaskahús. Dóra dansaði um leið og hún burstaði í sér tennurnar. Þá hringdi síminn. Það var afi.

– Við getum ekki hætt að dansa, sagði hann undrandi.

– En núna? sagði mamma og stöðvaði dúkkuna.

Og um leið hættu allir að dansa.

– Ég var búin að segja að þetta væri galdradúkka, sagði mamma.

Svo fóru allir að sofa.



Au au

Auðunn og Ása fóru austur fyrir fjall að heimsækja Auði frænku sem býr í gömlu rauðu timburhúsi á Laugarvatni. Úti var ausandi rigning og krakkarnir ákváðu að rannsaka húsið að innan þar til stytta upp.

Á efri hæðinni voru fimm herbergi. Eitt var læst. Ása lagði augað að skráargatinu og kíkti inn.

– Herbergið er autt, sagði hún hissa.

– Það er skrítíð, sagði Auðunn.

– Kannski er draugur í því, sagði Ása og gaut augunum stríðnislega til Auðuns.

Auðunn er logandi hræddur við drauga.

– Draugar eru ekki til! mótmælti Auðunn.

– Ég held að það sé bæði hauslaus og dauður draugur þarna inni, bætti Ása við.

– Auðvitað er hann dauður, annars væri hann ekki draugur, sagði Auðunn.

– Sko, þú trúir víst á drauga! hrópaði Ása sigri hrósandi.

Ása hætti að stríða Auðuni þegar hún sá hvað hann var aumur.

– Svona, Auðunn, ég er viss um að þetta er góður draugur. Við skulum tala við Auði frænku.

Ása og Auðunn fundu Auði og spurðu hana hvort hún hefði heyrt eða séð eitthvað undarlegt í auða herberginu.

– Heyrt hef ég sitt hvað, sagði Auður, þó aldrei hafi ég séð draug með eigin augum. Eitt sinn þegar ég var að sauma heyrði ég dularfull hljóð berast ofan úr auða herberginu.

– Hvernig hljóð? spurði Ása æst.

Auðunn laumaði hönd sinni í hennar. Auður hélt áfram með draugasöguna.

– Þetta var um haust. Fyrst hélt ég að það væru bara laufin að skjáfa í vindinum. En svo fannst mér ég heyra lágvært raul.

– Hver var að raula? spurði Auðunn.

– Ég áttaði mig ekki á því svo ég staulaðist á fætur og gekk á hljóðið. Þegar ég kom að auða herberginu var augljóst að einhver var að bauka þar inni bak við lokaðar dyrnar. Og þá heyrði ég það.

– Hvað?

- Eitthvert gaul, sagði Auður.
 - Hvernig gaul? Ása var að springa úr forvitni.
 - Ja, ég gæti best trúað því að það hafi verið garnagaul, sagði Auður frænka.
 - Var draugurinn þá svona svangur? vogaði Auðunn sér að spyrja þótt hann væri dauðhræddur.
 - Auðvitað ekki, maldaði Ása í móinn, draugar verða ekki svangir.
- Skyndilega varð Auðunn hugsí.
- Auður frænka, sagði hann. Megum við gefa drauginum eitthvað að maula svo garnirnar í honum hætti að gaula?
- Auður gramsaði í eldhússkápnum og kom til baka með eina litla baun.
- Þetta er skrítin baun, sagði Auðunn.
 - Þetta er augnbaun, sagði Auður.
 - Já, hún er með svartan blett sem er alveg eins og auga, hrópaði Ása hrifin.
 - Verður hann saddur af einni baun?
- spurði Auðunn efins.
- Ég held að þetta sé bara pínulítill draugur, sagði Auður og brosti.
- Ása og Auðunn laumuðust upp á loft og skildu

svolítið eftir fyrir utan dyrnar á auða herberginu –
ausu með einni lítilli baun. Auðunn er ekki lengur
hræddur við drauginn og draugurinn er vonandi
ekki svangur lengur.



Pétur Gunnarsson

Þegar Palli leit út um gluggann sá hann páfagauk. Hann sat á grein í öspinni við húsið. Palli opnaði gluggann og páfagaukurinn hoppaði nær. Og nær. Og alla leið inn! Palli horfði hugfanginn á páfagaukinn hoppa um á parketinu. Hann var grænn og rauður með gulan gogg og hvítan brúsk upp úr hausnum. Frammi í stofu heyrðist í píanóinu. Mamma Palla var píanókennari. Palli læddist fram og sótti vatn í skál og leifar af pitsusneið sem hann lagði á gólfíð. Páfagaukurinn fór strax að kroppa í pitsuna. Allt í einu opnuðust dyrnar og pabbi Palla stakk hausnum inn um gættina. Páfagaukurinn hoppaði upp á ofninn og þaðan flaug hann upp á skápinn.

- Hvað er eiginlega í gangi? spurði pabbi Palla.
- Þetta er páfagaukur, sagði Palli.
- Hvernig komst hann hingað inn?
- Hann bara hoppaði inn um gluggann, sagði Palli.
- Það hlýtur einhver að eiga hann, sagði pabbi Palla.

Nú bættist systir Palla í hópinn: Páfagaukur! hrópaði hún upp yfir sig. Á hæla Systu kom kettlingurinn hennar, hún Píla. Þá rak páfagaukurinn upp skræk og flaug af skápnum út um opnar dyrnar inn í stofu þar sem mamman var að kenna á píanóið.

Nemandinn ruglaðist í laginu og mamman æpti upp yfir sig: Hjálp!

– Hjálp! skrækta páfagaukurinn á móti.

Hann hafði tekið sér stöðu uppi á bókaskápnum í sjónvarpsherberginu og horfði niður á Palla, Systu, pabbann, mömmuna og píanónemann. Og Pílu sem teygði framloppurnar eins langt og hún gat upp eftir bókaskápnum.

– Hjálp! skrækta páfagaukurinn og Píla var rekin út.

Nú bárust hróp neðan af götunni og þau sáu mann á hlaupum sem hrópaði: Páfi! Páfi!

Pabbinn opnaði svalahurðina og kallaði: Ertu að leita að páfagauk?

– Já, svaraði maðurinn feginn.

– Hann er hér!

Skömmu síðar var maðurinn kominn upp. Hann þurfti ekki að segja annað en Páfi! og páfagaukurinn kom fljúgandi til hans.

- Honum tókst að opna búrið sitt og sleppa, útskýrði maðurinn.
- Af hverju heitir hann Páfi? spurði Palli.
- Af því hann er með svona hvítt uppi á höfðinu eins og páfinn, sagði maðurinn.

Síðan þakkaði hann kærlega fyrir hjálpina og kvaddi. Hausinn á páfagauknum stóð upp úr hálsmáli eigandans.

- Hjálp! skrækti hann að skilnaði.



Ei Ey

Á eyðieyju

Sigrún Löve

Einu sinni voru tveir krakkar að leika sér niðri í fjöru. Þau hétu Einar og Eyrún. Þau voru að leita að einhverju sem þau gætu leikið sér að eða tekið með sér heim. Allt í einu sáu þau fleka sem hafði rekið upp í sandinn.

– Nei, fleki, hrópaði Einar. Eigum við að reyna að setja hann á flot?

Það leist Eyrúnu vel á.

– En við þurfum að hafa eitthvað til að róa með, sagði Einar.

Eyrún leit í kringum sig og sá tvær spýtur sem mátti nota sem árar. Þau ýttu flekanum út í sjóinn, hoppuðu upp á hann og ýttu honum af stað með spýtunum.

– Vei, við erum komin á flot, hrópaði Einar.

Allt í einu greip straumurinn þau svo þau réðu ekki við neitt. Skammt undan landi var lítil eyja. Þangað bar straumurinn þau. Þau flýttu sér í land. Þau voru ekkert smeyk.

Þau vissu að þetta var eyðieyja en einu sinni hafði verið búið í eyjunni og þarna stóð eyðibýlið enn.

– Við erum ein á eyðieyju, það er spennandi, sagði Einar.

– Ég veit, komum og skoðum eyðibýlið, sagði Eyrún. Það er sagt að þar sé draugagangur.

Þegar þau voru komin að eyðibýlinu urðu þau vör við hreyfingu inni í húsinu.

– Hvað var þetta? spurði Einar smeykur.

Þau gægðust inn um gluggann og sáu einhverja veru skreiðast eftir gólfinu og fram að dyrunum.

– Þetta er voða, hún er á leiðinni út til okkar, hrópaði Eyrún.

Þá heyrðu þau lágt vein. Það var veran sem veinaði.

– Hjálp, ég er að deyja, stundi veran.

Einar leit inn furðu lostinn. Við dyrnar lá ungur maður, veikur og illa til reika. Hann sagðist hafa verið einn á skútu sem hefði hvolft við eyjuna kvöldið áður en komist við illan leik í land. Allt í einu heyrðu þau mannamál, hróp og köll. Þarna var kominn leitarflokkur í leit að unga mannum.

– Heppin vorum við, sagði Eyrún.

– Já, sagði Einar glaður. Nú komumst við heim og

meira að segja með hraðbát hjálparveitarinnar. Allt fór vel að lokum, unga manningin var bjargað og krakkarnir komust heilir á húfi heim.



Axel fer til Mexíkó í buxum með axlabönd og kex í boxi



Jón Guðmundsson

Aldís og Axel léku sér í fjörunni á heitum sumardegi. Þau nenntu engu nema að spjalla saman og láta litlu öldurnar leika við tásurnar. Mikið voru þau löt.

– Kanntu að lesa, Axel? spurði Aldís.

– Pínulítið, sagði Axel.

– Ég kann að lesa, sagði Aldís.

Það fór svolítið í taugarnar á Axel hversu Aldís var ánægð með sig.

– Hvað heitir þá annar stafurinn í nafninu mínu? spurði Axel. Axel var viss um að Aldís kynni ekki stafinn X.

– Hann er mjög sjaldgæfur, bætti Axel við.

Aldís hugsaði.

– Þú heitir Axel, þá er fyrsti stafurinn A, annar stafurinn,

annar stafurinn ... ! Jú, ég veit hann heitir X.

Axel varð foxillur og kastaði steini langt út í sjóinn.

– Þetta er svindl, þú ert miklu betri að lesa en ég, umlaði hann.

Aldís vildi ekki rexa við Axel. Hann var nú einu sinni vinur hennar. Allt í einu fékk Aldís góða hugmynd þarna í góða veðrinu.

– Eigum við að koma í keppni? sagði hún.

– Keppni? spurði Axel. Hann varð forvitinn.

– Já, þú átt að telja upp að tíu og á meðan reyni ég að finna eins mörg orð með x-i og ég get. Svo tel ég upp að tíu og þá finnur þú eins mörg orð með x-i og þú getur.

– Allt í lagi, sagði Axel, þetta er góð hugmynd. Þú mátt samt ekki telja of hratt.

– Byrja þú að telja, Axel, sagði Aldís.

– Viðbúin ... tilbúin ... byrja! sagði Axel.

– Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex, sjö, átta, níu, tíu.

Hvað fannstu mörg? spurði Axel æstur.

– Sex, sagði Aldís. Ég fann fax og vax og strax og sax ... öxi ... og ... æi nú er ég búin að gleyma sjötta orðinu ... æ ... æ!

– Þú mátt ekki hugsa lengur, þú verður að svara strax, sagði Axel strangur. Nú má ég.

Aldís var svekkt.

– Nú má ég, sagði Axel frekjulega.

Aldís taldi hægt og rólega upp að tíu.

– Hvað fannstu mörg? spurði hún strax.

Ég fann líka sex, sagði Axel og ég man þau öll. Lax, Mexíkó, axlabönd, kex, buxur og auðvitað Axel.

Ég vann!

Aldís varð reið.

– Þetta er svindl þú mátt ekki nefna sjálfan þig, það er svindl, sagði hún.

– Vertu ekki fúl, Aldís, þetta er bara leikur, sagði Axel og hló. Veistu hvað við getum gert núna? Við getum búið til sögu, bullsögu. Hlustaðu: Lax, lax, lax. Lax með fax og vax fer í boxi til Mexíkó.

Aldís hló líka og hugsaði sig um dálitla stund.

– Nei, mín er betri: Axel fer strax til Mexíkó í buxum með axlabönd og kex í boxi til að veiða lax með öxi.

Svo hlógu þau og hlógu þarna í góða veðrinu að öllu bullinu og tóku ekki eftir því að það synti einmitt stór lax rétt við tærnar á þeim.

